



Mánaðamót

1. júlí 2026

Greiningardeild Landsbankans


Markaðsdagatal – júlí 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1. júlí Verðbólga á evrusvæðinu	2 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum	3
6	7	8	9	10 Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST) Skráð atvinnuleysi í júní (VMST) Lok verðkönnunarviku (HAG)
13	14 Verðbólga í Bandaríkjunum	15 Skagi birtir uppgjör	16 Fjöldi starfandi í maí (HAG) Amaroq og Sjóvá birta uppgjör	17 Greiðslumiðlun í júní (SÍ)
20 Vísitala íbúðaverðs í júní (HMS) Icelandair birtir uppgjör	21 Vísitala leiguverðs í júní (HMS) Verðbólga í Bretlandi	22	23 Vísitala neysluverðs í júlí (HAG) Vísitala launa í júní (HAG) Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Landsbankinn birtir uppgjör Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu	24
27 Festi birtir uppgjör	28	29 Arion banki og Íslandsbanki birta uppgjör Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	30 Fjöldi gistingu í júní (HAG) Vaxtaákvörðun í Bretlandi Verðbólga á evrusvæðinu	31



Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,94% á milli mánaða í júní og verðbólga hækkaði úr 5,1% í 5,2%. Við spáðum 0,81% hækkun á milli mánaða og að verðbólgan myndi standa í stað og mælast 5,1%. Júní er sjöundi mánuðurinn í röð þar sem verðbólga er yfir 4,0% efri vikið markum verðbólguþröng Seðlabankans.




Breyting VNV á milli mánaða


Hækkun á flugfargjöldum hafði mest áhrif til hækkunar í mánuðinum, en flugfargjöld til útlanda hækkðu um rúmlega 20%. Flugfargjöld eru nú 28% dýrari en á sama tíma í fyrra. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,6%, en við gerum ráð fyrir því að liðurinn hækki að meðaltali um 0,5% á milli mánaða áfram. Matarkarfan hækkaði um 0,23%, sem er aðeins meira en við spáðum og föt og skór lækkuðu um 0,74% og eru nú 1,2% ódýrari en á sama tíma í fyrra. Eldsneytisverð lækkaði lítillega á milli mánaða, eða um 0,5%.

Júnímælingar VNV

Breyting milli mánaða og framlag undirliða




Framlag undirliða í júní



Breyting á samsetningu ársverðbólgu

Flugfargjöld til útlanda hafa langmest áhrif til hækkunar á ársverðbólgu á milli mánaða. Framlag ferðapjónustu án flugfargjalda eykst líka. Framlag innfluttra vara án bensíns minnkaði á milli mánaða, sem og framlag húsnæðis sem minnkar lítillega.




Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er 0,15% hækkun á milli mánaða í júlí, 0,01% í ágúst og 0,06% lækkun í september. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga mælast 5,0% í júlí, 5,2% í ágúst og 5,0% í september. Þrátt fyrir að júnitalan hafi verið aðeins hærri en við gerðum ráð fyrir lækkuðum við spá okkar til næstu mánaða. Lægri spá skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi breyttum við forsendum um þróun olíuverðs með tilliti til nýlegrar þróunar og aukinnar bjartsýni um að skipaflutningar um Hormússund komist í eðlilegt horf. Í öðru lagi gerum við nú ráð fyrir minni hækkun flugfargjalda í júlí vegna mikillar hækkunar nú í júní. Áhrif flugfargjalda á verðbólgu eru þó meiri í spánni til næstu mánaða en í síðustu spá.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig í maí. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar okkar og studdu allir nefndarmenn hana. Nefndin gaf skýrt til kynna að hún væri tilbúin til að hækka vexti enn frekar ef þess þyrfti þótt það gæti hægt enn frekar á efnahagssumsvifum. Næsta ákvörðun er 19. ágúst og eru því 13 vikur á milli ákvarðana í þetta sinn.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Vikur frá s. ákv.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	11	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	6	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	7	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	15	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	6	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	7	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	11	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	9	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	13	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	11	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	6	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB	ÁÓP, HS (+0,50%)		7,50%
20. maí. 2026	9	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
19. ágú. 2026	13					
7. okt. 2026	7					
18. nóv. 2026	6					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkaði innan mánaðar í júní til tveggja ára (4,5% í lok mánaðar, +0,4 prósentustig innan mánaðar), til fimm ára (4,1% í lok mánaðar, +0,3 prósentustig innan mánaðar) og til tíu ára (3,8% í lok mánaðar, +0,1 prósentustig innan mánaðar).

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstyrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,1% í júní (óbreytt á milli mánaða). Raunstyrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,5% (óbreytt á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,7% (+0,2 prósentustig á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstyrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,4% á milli mánaða í maí og árshækkun vísitölunnar mælist nú 2,2%. Raunverð íbúða hefur nú lækkað sjö mánuði í röð. Ef vísitala íbúðaverðs er leiðrétt fyrir almennt verðlag (VNV án húsnæðis) nemur lækkunin í maí um 2,4% á milli ára. Alls voru undirritaðir 750 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í maí. Kaupsamningum fækkaði talsvert á milli ára, eða um 27% borið saman við maí 2025.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára



Undirritaðir kaupsamningar *)




*) Janúar 2024 til september 2024 er án uppkaupa Þórkötlu og kaupa Grindvíkinga
Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




Velta skv. VSK-skýrslum

Velta skv. VSK-skýrslum jókst á milli ára að raunvirði á VSK-tímabilinu mars-apríl í sjávarútvegi vegna loðnu og fiskeldis. Velta jókst einnig í hugverkaiðnaði vegna starfsemi sem tengist gagnaverum. Velta dróst saman í ferðapjónustu, aðallega vegna minni veltu í farþegaflutningum í flugi, m.a. vegna þess að Play hætti starfsemi síðasta haust. Velta dróst einnig saman í framleiðslu málma vegna bilunar hjá Norðuráli. Innanlands var verulegur samdráttur í sölu á bifreiðum, en mjög mikið var selt rétt fyrir áramót vegna breytinga á opinberum gjöldum um áramót. Aukning var í bæði heildverslun og smásöluverslun sem bendir til að einkaneysla hafi enn verið sterk á tímabilinu. Samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skýrist af minni veltu í þróun byggingarverkefna.




Atvinnuleysi og fjöldi starfanda

Bæði tölur um skráð atvinnuleysi og fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskrár benda til þess að vinnumarkaðurinn sé að kólna. Skráð atvinnuleysi var 4,2% í maí, 0,5 prósentustigum meira en í maí 2025. Starfandi samkvæmt skrár fækkaði um 0,2% á milli ára í apríl. Hagstofan birtir fjölda starfandi í maí fimmtudaginn 16. júlí.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta heimilanna um 130 mö.kr. í maí og jókst aðeins um 0,1% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Í síðustu uppfærslu kom fram að mikill samdráttur hefði verið í kortaveltu Íslendinga í apríl, en gögnin voru uppfærð með maí gögnunum. Kortavelta innanlands dróst saman um 5% í maí, en svo mikið hefur hún ekki dregist saman síðan í maí 2023. Þetta er fjórða mánuðinn í röð sem kortavelta innanlands dregst saman, en samdrátturinn var þó mun minni á síðustu mánuðum. Kortavelta erlendis jókst verulega, eða um 18%, sem er töluvert meiri vöxtur en á allra síðustu mánuðum.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 7,2 mö.kr. í maí og þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 7,7 ma.kr. og hrein uppgreiðsla á verðtryggðum lánnum 0,5 ma.kr. Maí er fimmti mánuðurinn í röð sem heimilin taka meira af óverðtryggðum lánnum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í maí verða birt þriðjudaginn 7. júlí.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á fyrsta ársfjórðungi mældist 32,1 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd, sem er talsvert betri niðurstaða en á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs, þegar halli mældist rúmlega 70 ma.kr. Halli á vöruskiptajöfnuði minnkaði á milli ára og afgangur af þjónustujöfnuði jókst. Nú mældist halli á frumpáttatekjum en á sama tíma í fyrra mældist afgangur.




Staðan í ferðapjónustu

Um 164 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í maí, eða 2,7% fleiri en á sama tíma í fyrra. Frá ársbyrjun er fjöldi erlendra ferðamanna nánast sá sami og á sama tímabili í fyrra, eða um 0,4% fleiri. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis dróst saman um 2,1% á milli ára á föstu verðlagi en jókst um 4,4% á föstu gengi í maí. Gistinóttum útlendinga á hótélum fjölgaði um 1,8% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan hefur verið mjög stöðug á móti evrunni síðustu mánuði. Krónan veiktist lítillega gagnvart evrunni í júní og í lok mánaðarins stóð evran í 144,0 (+0,6 krónur innan mánaðarins). Krónan veiktist mun meira á móti bandaríkjadal og stóð hann í 126,4 krónum (+3,2 krónur innan mánaðar) í lok mánaðarins.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Fyrir utan reglubundin kaup þá greip Seðlabankinn ekki inn á gjaldeyrismarkað í júní. Lífeyrissjóðirnir keyptu gjaldeyri fyrir 45,8 ma.kr á fyrst fimm mánuðum ársins og hafa ekki keypt meiri gjaldeyri á þessu tímabili síðan 2019.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í júní

11. júní: Hagsjá: Spáum því að verðbólga standi í stað í júní

12. júní: Hagsjá: Samdráttur í sölu sumarhúsa eftir sterk ár

16. júní: Hagsjá: Seigla í einkaneyslu eftir allt saman?

18. júní: Hagsjá: Áfram rólegt á íbúðamarkaði

26. júní: Hagsjá: Verðbólguþækkun bendir til kólnunar þrátt fyrir hækkun ársverðbólgu

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

